Spítala Púlsinn
LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
31. mars 2004



# Mótum nýjan spítala

Stýrinefnd notendavinnu hefur skipað um 40 notendahópa vegna umfangsmikillar vinnu sem tengist skipulagningu nýs spítala við Hringbraut. Stýrinefndin fékk það hlutverk frá framkvæmdastjórn LSH að koma með tillögu að slíkum notendahópum og vinnu þeirra, þannig að til hliðsjónar væri sérgreinaskipting og helstu verkferlar á spítalanum. Nefndinni var einnig falið að samræma vinnu notendahópanna til að fá heildstæða mynd að umfangi og fyrirkomulagi starfsemi á nýjum spítala væri litið allt að 20 árum fram í tímann. Þess er vænst að starf nefndanna gangi greiðlega þannig **stýrinefndin geti skilað lokaskýrslu fyrir lok maí 2004.**

Í hverjum notendahópi eru hópstjórar. Á baksíðu Spítalapúlsins sést hvaða hópar þetta eru og hverjir eru hópstjórar. Allir starfsmenn LSH eiga þess nú kost að koma sínum vangaveltum varðandi framtíðarspítalann á framfæri við hópana.

**Hægt er að fara á upplýsingavefinn, velja vef stýrinefndar með því að smella á hreyfimynd á forsíðu, velja hóp og senda hugmyndir og tillögur í viðkomandi málefnum til hvers hóps. Einnig er hægt að senda tillögur í innanhússpósti.**

***Úr erindisbréfi stýrinefndar notendavinnu:***
*Verkefni nefndarinnar tekur til líklegrar þróunar á umfangi starfseminnar, starfsemisáætlunar og til endurskipulags á verkferlum þ.e. ferlagreiningu. Litið skal til áætlana um þróun mannfjölda, aldurssamsetningar þjóðarinnar, búsetuþróunar og þeirra breytinga sem fyrirsjáanlegar eru í tíðni sjúkdóma m.a. vegna breytingar á aldurssamsetningu og lífsstíl. Einnig skal nefndin leggja mat á áhrif á umfang starfseminnar vegna aukinna möguleika til meðhöndlunar á dag- og göngudeildum, eftirlits og umönnunar á sjúkrahótelum og í heimahúsum. Þá skal sérstaklega meta áhrif tækniþróunar á möguleika til meðhöndlunar og eftirlits utan sjúkrahúsa.*

*Við ferlagreiningu skal nefndin leggja áherslu á að skrá helstu verkferla í spítalanum, frá móttöku sjúklings til útskriftar og koma með tillögu að endurskipulagi verkferlanna. Stýrinefndin skal hafa það að markmiði við endurskipulagið að gæði þjónustunnar verði sem mest, að biðtímar sjúklinga innan spítalans verði sem stystir og að starfsemin verði að öllu leyti sem skilvirkust. Nefndin á að leggja mat á fyrirkomulag og afkastagetu einstakra eininga þannig að starfsemin verði samstillt og að forðast megi „flöskuhálsa“.*

*5. árgangur 6. tbl. Ábm. Jón Baldvin Halldórsson upplýsingafulltrúi*

# Hópstjórar notendahópa

**Almennar skurðlækningar**
Margrét Oddsdóttir yfirlæknir
Elín María Sigurðardóttir deildarstjóri
Cecilie Björgvinsdóttir deildarstjóri

**Apótek**
Þuríður Erla Sigurgeirsdóttir forstöðumaður
Kristján Linnet yfirlyfjafræðingur

**Augnlækningar**
Friðbert Jónasson yfirlæknir
Sigurborg Sigurjónsdóttir deildarstjóri

**Barna- og unglingageðlækningar**
Ólafur Ó. Guðmundsson yfirlæknir
Linda Kristmundsdóttir deildarstjóri

**Barnalækningar**
Gylfi Óskarsson sérfræðingur
Rósa Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur

**Blóðbanki**
Sveinn Guðmundsson sviðsstjóri

**Blóðlækningar**
Jóhanna Björnsdóttir sérfræðingur
Guðbjörg Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur

**Bókasafn**
Sólveig Þorsteinsdóttir sviðsstjóri

**Bæklunarlækningar**
Björn Zoëga yfirlæknir
Jóna Sigrún Hjartardóttir hjúkrunarfræðingur

**Efnaskipta- og innkirtlasjúkdómar**
Gunnar Sigurðsson yfirlæknir
Linda Hrönn Eggertsdóttir hjúkrunarfræðingur

**Endurhæfing**
Stefán Yngvason sviðsstjóri
Kalla Malmquist yfirsjúkraþjálfari

**Geðlækningar**
Halldóra Ólafsdóttir yfirlæknir
Guðrún Úlfhildur Grímsdóttir deildarstjóri

**Geislalækningar**
Þórarinn E. Sveinsson yfirlæknir
Garðar Mýrdal forstöðueðlisfræðingur
Jóna Margrét Kristjánsdóttir deildarstjóri

**Gigtarlækningar**
Gerður Gröndal sérfræðingur
Elínborg Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur

**Gjörgæsla**
Sigurbergur Kárason sérfræðingur
Kristín Gunnarsdóttir deildarstjóri

**Háls-, nef-, og eyrnalækningar**
Hannes Petersen yfirlæknir
Bára Þorgrímsdóttir deildarstjóri
Anna María Malmberg hjúkrunarfræðingur

**Háskólasamstarf**
Hrund Sch. Thorsteinsson sviðsstjóri

**Hjarta- og lungnaskurðlækningar**
Bjarni Torfason yfirrlæknir
Brynja Ingadóttir deildarstjóri

**Hjartalækningar**
Ragnar Danielsen sérfræðingur
Auður Ketilsdóttir hjúkrunarfræðingur

**Húðlækningar**
Jón Hjaltalín Ólafsson yfirlæknir
Jenný Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur

**Kennsla og vísindi**
Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir forstöðumaður

**Krabbameinslækningar**
Sigurður Björnsson yfirlæknir
Nanna Friðriksdóttir klínískur sérfræðingur

**Kvensjúkdómar og fæðing**
Auður Smith sérfræðingur
Gróa Margrét Jónsdóttir gæðastjóri

**Lungnasjúkdómar**
Þórarinn Gíslason yfirlæknir
Alda Gunnarsdóttir deildarstjóri

**Lýtalækningar**
Jens Kjartansson yfirlæknir
Ingibjörg Nielsen deildarstjóri

**Meinafræði**
Lárus Jónasson sérfræðingur

**Meltingarlækningar**
Sigurbjörn Birgisson sérfræðingur
Herdís Ástráðsdóttir deildarstjóri

**Myndgreining**
Jón Guðmundsson sérfræðingur
Hansína Sigurgeirsdóttir deildarstjóri

**Nýrnalækningar**
Runólfur Pálsson yfirlæknir
Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir hjúkrunarfræðingur

**Ónæmislækningar**
Davíð Gíslason sérfræðingur

**Ónæmislækningar - rannsóknir**
Ingileif Jónsdóttir forstöðunáttúrufræðingur
Björn Rúnar Lúðvíksson sérfræðingur
Þorbjörn Jónsson sérfræðingur

**Rannsókn**
Ólafur Steingrímsson sviðsstjóri
Jón Jóhannes Jónsson yfirlæknir

**Skurðstofur**
Páll H. Möller yfirlæknir
Herdís Alfreðsdóttir deildarstjóri

**Slysa- og bráðamóttaka**
Jón Baldursson yfirlæknir
Guðbjörg Pálsdóttir deildarstjóri

**Smitsjúkdómar**
Magnús Gottfreðsson sérfræðingur
Aðalheiður D. Matthíasdóttir deildarstjóri

**Svæfing**
Alma Möller yfirlæknir
Rikka Mýrdal deildarstjóri

**Taugalækningar**
Elías Ólafsson yfirlæknir
Jónína Hafliðadóttir deildarstjóri

**Taugaskurðlækningar**
Aron Björnsson sviðsstjóri
Bjarnveig Pálsdóttir deildarstjóri

**Þvagfæraskurðlækningar**
Eiríkur Jónsson yfirlæknir
Hrafnhildur Baldursdóttir deildarstjóri

**Æðaskurðlækningar**
Stefán E. Matthíasson yfirlæknir
Bryndís Árnadóttir hjúkrunarfræðingur

**Öldrun**
Pálmi V. Jónsson sviðsstjóri
Helga Hansdóttir yfirlæknir
Hlíf Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur
Lúðvík Gröndal deildarstjóri